

þá hefur læknir hennar vottað, að hún hafi ilsig á háu stigi og þurfi því að hlifa sér við áreynslu á fæturna, en um annan sjúkleika virðist ekki vera að ræða.

Það er að visu ljóst af því, sem upp hefur komið í málinu, að húsnæði stefnanda er lítið, en með tilliti til þess, er að framan greinir um heimilishagi hans, vottorðs héraðlæknis um hæfilegt loftrými fyrir fullorðna og börn, svo og þess, að ekki þykja færðar að því lögfullar sönnur gegn mótmælum stefnds, að stefnanda hafi borið nauðsyn til að ráðstafa áðurgreindri húsnæðisaukningu til óviðkomandi fólks, þá þykir að svo vöxnu máli ekki alveg næg ástæða til að telja, að stefnandi hafi svo brýna þörf á auknu húsnæði, að það heimili honum samkvæmt ákvæðum 1. gr. húsaleigulaganna að fá stefndan dæmdan til að rýma húsnæðið.

Málalok verða því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Sigurður Magnússon, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alfreðs Þórðarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 6. júní 1945.

Nr. 37/1945. **Réttvísín** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Jóhanni Hermanní Júlíussyni

(Sveinbjörn Jónsson)

og

Sigurði Björnssyni (Lárus Fjeldsted).

Refsimál út af sjóslysi. Ómerking og heimvísun vegna rangrar meðferðar málsins.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu eru ákærðu sóttir til refsingar og gefið að sök, að þeir hafi í gáleysi valdið sjóslysi því, sem í héraðsdómi greinir, og þar með bana þriggja manna. Er hér um sakarefni að tefla, sem lýst er og refsing við lögð í 84. gr. sjómannalaga nr. 41/1930. Dómsmálaráðuneytið átti því

samkvæmt 2. mgr. 88. gr. nefndra laga að leggja málið fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en það ákvað málshöfðun með bréfi til héraðsdómarans dags. 21. okt. 1944, en það mun ekki hafa verið gert. Þá hafa próf í málinu farið fram án siglingafróðra samdómsmanna og málið verið rekið í héraði fyrir aukarétti í stað þess að sjó- og verzlunardómur átti með það að fara og dæma það, sbr. 1. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936 og 90. gr. fyrrnefndra sjómannalaga, og skiptir ekki máli um það, þó að máls- höfðunarskipun dómsmálaráðuneytisins taki einungis til XXIII. kafla laga nr. 19/1940, sbr. 68. gr. sömu laga. Vegna þessara megingalla á meðferð málsins verður að ómerkja héraðsdóminn og alla meðferð málsins fyrir aukaréttinum og visa málinu heim til rannsóknar fyrir sjódómi og lög- legrar meðferðar.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda hinna ákærðu í hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir auka- réttinum eiga að vera ómerk, og visast málinu heim til rannsóknar fyrir sjódómi og löglegar meðferðar.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, hinna ákærðu fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar, Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 300.00 til hvors.

Dómur aukaréttar Ísafjarðarkaupstaðar 13. desember 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn 13. desember, var í aukarétti Ísafjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 30. nóvember 1944.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn þeim Jóhanni Hermanní Júlíussyni stýrimanni, til heimilis að Hrannargötu 1 á

Ísafirði, og Sigurði Björnssyni háseta, til heimilis að Ránargötu 5 á Flateyri, fyrir brot gegn XXIII. kafla hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 68. gr. sömu laga.

Ákærðir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna.

Jóhann Hermann Júlíusson er fæddur 26. marz 1912 að Atlastöðum í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, en Sigurður Björnsson 17. desember 1907 að Stóragarði í Mýrahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Ákærður Jóhann Hermann Júlíusson hefur sætt eftirtöldum refsingum:

1937 ¹/₄ Áminntur fyrir brot gegn 6. grein laga nr. 70/1931 um notkun bifreiða (of hraður akstur).

1944 ²/₅ Sektaður um 25 krónur til bæjarsjóðs Ísafjarðar fyrir brot gegn 3. grein lögreglusamþykktar Ísafjarðar.

Ákærður Sigurður Björnsson hefur hvorki sætt ákæru né refsingu hér í umdæminu, svo kunnugt sé.

Tildrög málsins eru þessi:

Að kvöldi 25. júní 1944 var vélskipið Harpa Í.S. 42 frá Flateyri við fiskveiðar út af Haganesvík á Skagafirði. Er leið að miðnætti, var haldið af stað austur með landi og siglt í 1—2 sjómílna fjarlægð frá ströndinni. Var ferðinni heitið austur undir Tjörnes. Þegar komið var út af Almenningsnöf, sem er yzta nes austan Fljótavíkur, fór skipstjóri, Guðmundur Sölvi Ásgeirsson frá Flateyri, af verði, en við tók stýrimaðurinn Jóhann Hermann Júlíusson, og með honum þeir Sigurður Björnsson háseti og Guðmundur Ólafsson 1. vélstjóri.

Út af Siglufjarðarmynni sigldi v.s. Harpa á færeyskan trillubát, sem þar var við handfæraveiði. Á bátnum var fjöggra manna áhöfn, og drukknðu þrír þeirra, en einum var bjargað.

Við rannsókn málsins hefur þetta upplýstst um nánari atvik að slysinu:

Formaður á hinum færeyska trillubát var Johan Beck frá Tværaa í Trangisvaagfirði, og var hann eigandi bátsins, sem nefndur var Brynhild. Hásetar voru Eli og Henning Beck, synir Johans Beck, og Clement Johannesen, og var hann frá sama stað í Færeyjum.

Clement Johannesen var bjargað. Hann hefur skýrt frá því, að um kl. 2 f. h. hafi þeir farið frá Siglufirði í fiskróður. Var þetta fyrsta sjóferð þeirra frá Siglufirði. Voru þeir við handfæraveiðar á um 12 faðma dýpi, um 1—2 sjómíli frá mynni Siglufjarðar. Vindur var austlægur og svo hvasst, að tveir af skipshöfninni urðu að vera í andófi. Þegar þeir höfðu verið þarna við handfæraveiðar skamma hríð, veittu þeir því athygli, að skip kom að vestan og stefndi beint á trillubátinn. Þegar skipið var komið svo nálægt bátnum, að árekstur virtist yfirvofandi, kölluðu þeir allir til þess

að vekja á sér athygli, en enginn á vélskipinu virtist taka eftir þeim, og engan mann sáu þeir ofan þilja. Í sömu andrúnni og áreksturinn varð, hljóp Johan Beck aftur í bátinn og virtist ætla að reyna að draga úr þunga árekstrarins. Rakst stefni skipsins á bakborðshlið trillunnar fyrir aftan vélarrúmið. Brotnaði skutur trillunnar við höggið, og sökk hann þegar í sjó. Samstundis hvolfði bátinum. Komst Clement á kjöl og Henning nokkuð upp á siðuna, en í þeim svifum sökk báturinn, og fóru þeir í sjóinn. Taldi Clement, að báturinn hefði ekki flotið nema brot úr mínútu á hvolfi, og var hann við afturenda vélshipsins, þegar hann sökk. Vindhraðann áætlaði Clement 4—5 stig. Eftir að þeir, sem á vélskipinu voru, urðu árekstrarins varir, snéru þeir skipinu við og virtust gera allt, sem þeir gátu, til þess að bjarga mönnunum.

Ákærður Jóhann Hermann Júlíusson hefur skýrt svo frá atvikum fyrir sjóðómi Siglufjarðar 26. júní s. l., að nóttina, sem slysið varð, hafi hann verið á verði á v.s. Hörpu, sem var á leið austur að Tjörnesi. Stóð hann sjálfur við stýrið en meðákærður, Sigurður Björnsson háseti, við glugga á stjórnborðshlið stýrishússins. Enginn af skipshöfninni var á þilfari. Vindur var austan um 5—6 vindstig, og ágjöf svo mikil, að illfært var um þilfarið. Gluggar á framanverðu stýrishúsinu voru salthúðaðir að utanverðu. Hann varð ekki var við áreksturinn eða neitt, sem benti til þess, að skipið hefði orðið fyrir höggi. Hins vegar sagði Sigurður, að skipið hefði komið við eitthvað, og teygði hann sig út í gluggann, en fór síðan út úr stýrishúsinu og kallaði til hans, að eitthvað flak væri fyrir aftan skipið. En í réttarhaldi fyrir lögreglurétti Ísafjarðar, 30. nóvember s. l., kvaðst ákærður ekki muna til þess, að Sigurður hefði haft orð á því, að skipið hefði orðið fyrir árekstri. Ákærður kveðst þegar hafa sagt Sigurði að vekja skipstjóra, en á meðan snéri hann skipinu við og átti skammt eftir að flakinu, þegar skipstjóri kom upp. Þá sá ákærður þrjá menn í sjónum og enn fremur árar og spýtnabrák. Tókst að bjarga tveimur af mönnunum upp á skipið, en þriðji maðurinn sökk, áður en til hans náðist.

Í réttarhaldi í lögreglurétti Ísafjarðar 28. nóvember s. l. hefur ákærður þannig lýst nánar tildrögum að slysinu:

Hann tók við stjórn skipsins eftir að lagt var af stað frá Haganesvík. Skipstjóri fór þá niður í káetu að sofa. Taldi kærður, að klukkan væri þá nálægt 1.30, en í réttarhaldi 29. nóvember s. l. skýrði hann frá því, að hann hefði ekki gætt á klukkuna, þegar skipstjóri fór niður. Hins vegar leit hann á klukkuna, þegar björgun var lokið og lagt var af stað til Siglufjarðar, og var hún þá 3.30. Skyggni var slæmt, en þó sá ákærður Gjöggrana við Eyjafjörð. Sól var ekki á lofti, og dimmur bakki til hafsins. Allmikil ágjöf var á skipið, meðan það sigldi með fullri ferð. Þegar áreksturinn varð,

voru þeir Sigurður tveir í stýrishúsi, ákærður sjálfur við stýrið, en meðákærður, Sigurður, við gluggann í boganum á stjórnborðshlið stýrishússins, en ákærður mundi ekki, hvort glugginn hefði verið opinn eða lokaður. Framburður ákærða um gluggaskipun og tölu glugga á stýrishúsinu var nokkuð á reiki, og einnig um það, við hvaða glugga Sigurður hefði staðið, er áreksturinn varð.

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, er stýrishúsið bogadregið að framan, og eru þrír gluggar á framhlið, einn gluggi á sitt hvorum boga og tveir á hvorri hlið, eða alls níu gluggar.

Ákærður hefur skýrt frá því, að enginn glugganna á framhlið stýrishússins hafi verið opinn, sökum þess hversu mikið gaf á skipið, og voru þeir salthúðaðir að utan, og því sást illa út um þá, en á gluggunum á bogunum var engin salthúð. Ákærður stýrði skipinu eftir áttavita, en kvaðst þó annað veifið hafa gætt fram fyrir skipið. Treysti hann „útkígsmanni“ alveg til að hafa gætur á skipaferðum og opnaði þess vegna ekki gluggana á framhlið stýrishússins. Á hinn bóginn gaf hann Sigurði ekki nein fyrirmæli um að hafa gætur á skipaferðum.

Ákærður Sigurður Björnsson hefur á eftirfarandi hátt skýrt frá tildrögum að slysinu:

Hinn 25. júní s. l. var v/s Harpa Í.S. 42, sem ákærður var háseti á, við fiskveiðar með botnvörpu út af Haganesvík. Um miðnætti var lagt af stað austur með landi. Tók þá stýrimaður við vakt ásamt ákærða og 1. vélstjóra. Veður var þá sæmilegt, vindur austlægur og litil alda. Ágjöf var því litil, en þó skvettist öðru hvoru inn á skipið. Veður var bjart, svo að nálega var eins bjart og um dag. Skyggni var svo gott, að Gjörgrar, sem eru fjöll austan Eyjafjarðar, sáust greinilega. Út af Siglufirði kom ákærður upp úr hásetaklefa frá að hita kaffi. Stýrimaður var þá við stýrið í stýrishúsi, en fleiri voru ekki ofan þilja. Fyrsti vélstjóri sat í hásetaklefa, þegar ákærður fór þaðan. Ákærður tók sér stöðu við fremri glugga á stjórnborðshlið stýrishússins, án þess þó að stýrimaður gæfi honum nein fyrirmæli í þá átt. Hafði hann höfuðið fast við gluggann, sem var opinn. Aðrir gluggar á stýrishúsinu voru lokaðir. Úr glugganum sá hann upp á land og á ská fram undir „vanta“ á skipinu. Sjódrif skvettist á gluggann á framhlið stýrishússins, og sást því ekki vel út um þá.

Um tíu mínútum eftir að ákærður kom í stýrishúsið, varð hann þess var, að skipið lór yfir eitthvað, en ekki gat hann gert sér grein fyrir, hvað það var. Hafði hann orð á þessu við stýrimann, en hann hafði einskis orðið var. Fór ákærður samstundis út á þilfar og aftur fyrir stýrishúsið til þess að athuga þetta, og sá hann þá menn í sjónum og brak á floti. Snéri hann þegar við, og skýrði stýrimanni frá þessu. Mennirnir og brakið flutu aftur undan skipinu á stjórnborða. Stýrimaður snéri skipinu samstundis, en

ákærður fór niður í káetu til þess að vekja skipstjóra og skýra honum frá því, sem við hafði borið. Skipstjóri kom þegar upp og stjórnaði björgun mannanna. Þegar er ákærður kom upp úr káetu, hljóp hann fram í hásetaklefa til þess að vekja þá af skipshöfninni, sem sváfu.

Ákærður skýrði frá því, að skipið hefði farið með venjulegri, fullri ferð og taldi, að hraðinn mundi hafa verið 5—6 sjómilur miðað við klukkustund, þegar áreksturinn varð.

Ákærður gizkaði á, að liðið muni hafa um hálf klukkustund frá því að björgun hófst og þangað til haldið var af stað til Siglufjarðar.

Vitnið Kristján Gíslason, matsveinn á v/s Hörpu, hefur borið það, að um það leyti, sem hann kom upp á þilfar um nóttina, hafi verið eins hjart og um hádag og sést vel til fjalla. Var klukkan þá um 3 f. h. Suðaustan kaldi var og sjór smár. Hann varð ekki var við högg, þegar áreksturinn varð, og vaknaði ekki fyrri en kallað var til þeirra, sem sváfu í hásetaklefanum. Vitnið sá fjóra menn í sjónum, og voru þeir í 20—30 faðma fjarlægð frá skipinu, þegar hann kom upp á þilfar.

Guðmundur Sölvi Ásgeirsson, skipstjóri á Hörpu Í.S. 42, hefur verið leiddur sem vitni í máli þessu. Hann hefur gefið eftirfarandi skýrslu: Þegar skipið var út af Almenningsnöf, fór hann af verði og gaf stýrimanni, sem þá tók við skipstjórn, skipun um að halda austur með landi í hæfilegri fjarlægð frá landi. Skyldi stefnan vera á Gjögrana austan Eyjafjarðar. Vindur var þá austan, allt að 5—6 vindstigum. Lítils háttar vindbára var beint á móti og vask-ágjöf. Stýrisútbúnaði skipsins er þannig fyrir komið, að stýrishjólið er fyrir miðju stýrishússins, um hálfan meter frá framhlið hússins. Sá, sem standi við stýrishjólið (stýrið), geti því séð beint fram fyrir skipið og til beggja hliða, ef ekki er móða á gluggunum. Venja er að hafa gluggana opna, ef ekki sést nægilega vel út um þá vegna móðu eða salthúðar, sem á þá hefur sett.

Þegar vitnið fór af verði, var þokubakki meðfram sjóndeildarhring til hafsins og skuggsýnt, enda var þá lágnætti eftir sólarangangi. Þegar hann kom aftur upp klukkan rúmlega 3, var enn þá þokubakki til hafsins og ekki sást til sólar. Hins vegar var sól farin að skína á fjöllin, og því hjart yfir til landsins. Á sjóinn sló skugga frá þokubakkanum.

Vitnið tók samstundis og hann kom upp í stýrishúsið við stýrinu og stjórnaði björgun mannanna. Hann hefur skýrt frá því, að skipið sigli með $6\frac{1}{2}$ sjómilna hraða miðað við klukkustund, þegar það fari með venjulegri, fullri ferð.

Þá hefur Guðmundur Ólafsson, 1. vélstjóri, verið leiddur sem vitni í málinu. Vitnið sat niðri í hásetaklefa, þegar áreksturinn varð, en hann varð þó ekki var við hann eða neitt högg. Þegar

hann kom upp úr hásetaklefanum, var skipstjóri tekinn við stjórn skipsins, og var það byrjað að beygja. Vél skipsins var spennt $\frac{3}{4}$. Vegna fjarvistar var ekki auðið að taka viðbótarskýrslu af þessu vitni.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð frá veðurstofunni í Reykjavík, og segir þar, að 25. júní s. l. kl. 18 samkvæmt sumartíma hafi á Siglunesi verið 3 vindstig á austan, skýjað, skyggni 10—20 km, gráð á sjó, og 26. júní kl. 07 eftir sumartíma, austan 4, skýjað, skyggni 10—20 km.

Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins, sem bendir til þess, að skipshöfn v.s. Hörpu hafi ekki gert allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að bjarga mönnunum.

Engar skaðabótakröfur hafa komið fram í málinu.

Rétturinn litur svo á, að ákærðu hafi gert sig seka um hirðuleysi um skyldur sínar og sýnt vítavert gáleysi við framangreint atvik. Bar stýrimanni, ákærða Jóhanni Hermanni Júlíussyni, sem gegndi starfi skipstjóra, að gæta fyllstu varúðar og hafa eða láta hafa nána gát á skipaferðum á siglingaleið skipsins, og hefur hann með þessu hirðuleysi sínu orðið valdur að slysinu. Samkvæmt ákvæðum sjómannalaga gengur stýrimaður í stað skipstjóra, þegar hann er forfallaður eða fjarverandi, og ber þeim, sem verkum stjórnar á skipi, að fylgja nauðsynlegum varúðarreglum gegn slysum. Að því er snertir ákærða Sigurð Björnsson litur rétturinn svo á, að honum hefði átt að vera ljóst, að stýrimaður sýndi ekki nægilega varúð í starfi sínu, og bar honum því af sjálfdáðum að gæta nauðsynlegra varúðarreglna.

Ber að heimfæra brot ákærðu undir 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing sú, sem ákærður Jóhann Hermann Júlíusson hefur unnið til, hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi. Þá skal hann samkvæmt heimild í 68. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sviptur stýrimannsréttindum í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Refsing ákærða Sigurðar Björnssonar þykir með tilliti til stöðu hans á skipinu hæfilega ákveðin 300 króna sekt til rikissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað hennar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði kostnað sakarinnar in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Jóhann Hermann Júlíusson sæti fangelsi í þrjá mánuði. Hann skal sviptur stýrimannsréttindum í tvö ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærður Sigurður Björnsson greiði 300 króna sekt til ríkis-

sjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. júní 1945.

Nr. 17/1945. **Borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjarsjóðs

(Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason
og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað
hrd. Árna Tryggvasonar og hrd.
Jónatans Hallvarðssonar.

Um skiptingu útsvars milli bæjarfélaga.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. febr. þ. á. og krafizt sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi hans eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og í héraðsdómi greinir, hafði h/f Askur að vísu umboðsmann á Ísafirði umrætt ár, sem annaðist kaupgreiðslur félagsins til þeirra skipverja á b/v Skutli, sem heima áttu þar í kaupstaðnum. Enn fremur lét félagið leggja þar á land nokkuð af kolum, sem ætluð voru til nota skipsins, er það stundaði veiðar fyrir Vestfjörðum. En ekki verður talið, að félagið hafi með þessu rekið atvinnu á Ísafirði í merkingu a-liðs 1. töluliðs 9. gr. laga um útsvör, nr. 106/1936. Það ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, sem ákveðst 1000 krónur.